

# Samþykkt

um Bílastæðasjóð Hafnarfjarðar

## I. kafli

### Stofnun og hlutverk sjóðsins

#### 1. gr.

Bílastæðastæðasjóður Hafnarfjarðar er eign Hafnarfjarðarkaupstaðar. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn sjóðsins.

Verkefni Bílastæðasjóðs er að eiga bílastæði fyrir almenning utan skilgreindra lóða í miðbænum og víðar við götur og opin svæði. Stofnkostnaður og rekstur bílastæða, sem greiddur er úr Bílastæðasjóði skal bókfærast hjá sjóðnum skv. nánari ákvörðun bæjarráðs.

Kostnaður við byggingu og rekstur bílastæðahúsa auk bílskýla fyrir almenning á vegum bæjarins skal einnig bókfærður hjá sjóðnum, svo og ef svæði eru leigð af einkaaðilum undir bílastæði.

Til viðmiðunar vegna fyrirkomulags og gerð bílastæða í miðbæ Hafnarfjarðar, skal hafa deiliskipulag miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001, með seinni tíma breytingum til hliðsjónar.

Komi til fjölgunar íbúða í þegar byggðum hverfum og deiliskipulag liggur ekki fyrir skal gera ráð fyrir fjölgun um 1 bílastæði á hverja íbúð inni á viðkomandi lóð. Gangi það ekki eftir skal greiða fyrir bílastæði skv. gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa í Hafnarfirði. Greiðsla gjaldsins felur ekki í sér rétt til bílastæðis í tiltekinni götu eða á öðrum bílastæðum sveitarfélagsins.

Til Bílastæðasjóðs skulu renna tekjur af stöðumælum og leigu stöðureita, aukastöðugjald og önnur gjöld vegna stöðubrota. Til sjóðsins renna ennfremur tekjur af leigu bílastæða jafnt úti sem í sérstökum bílastæðahúsum, sem leigð eru til lengri eða skemmri tíma. Þá fær sjóðurinn tekjur af greiddum bílastæðagjöldum, þegar húsbyggjendur greiða bílastæðagjöld skv. sérstakri samþykkt þar um. Ennfremur getur verið um að ræða framlög úr bæjarsjóði eða lántökur með ábyrgð bæjarsjóðs eða tryggðar með veði í mannvirkjum, sem bókfærð eru hjá Bílastæðasjóði.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu er yfirmaður Bílastæðasjóðs og sér um daglegan rekstur hans.

## II. kafli

### Um bílastæði

#### 2. gr.

Bílastæði er svæði með reitum til að leggja ökutæki. Á bílastæði er óheimilt að leggja ökutæki annars staðar en á merktum reitum.

### **3. gr.**

Bílastæði í þessum samþykktum geta verið:

- a. bílastæði, sem eru gjaldfrjáls í takmarkaðan tíma (klukkustæði)
- b. gjaldskyld bílastæði til skammtímastöðu (stöðumælastæði)
- c. gjaldskyld bílastæði til langtímastöðu (fastleigustæði)
- d. sérstök bílastæði fyrir stór ökutæki að nóttu til (rútustæði/flutningabílar)
- e. bílastæðahús og bílskýli

Skipulags- og byggingarráð gerir tillögur um gerð og staðsetningu bílastæða.

### **4. gr.**

Bílastæði eru merkt með 50-100mm breiðum línunum, heilum eða brotnum. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna.

Bílastæði ætluð sérstökum aðilum eru merkt á sama hátt en með hornalínunum að auki.

## **III. kafli**

### **Klukkustæði**

#### **5. gr.**

Klukkustæði eru bílastæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki án gjalds í tiltekinn tíma, eftir atvikum í 15 mín. - 2 klst., skv. því sem tilgreint er á skiltum við bílastæðin. Ekkert ökutæki má standa á klukkustæði lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi skilti.

#### **6. gr.**

Skipulags- og byggingaráð gerir tillögu um hvað ökutæki megi standa lengi samfellt á klukkustæðum. Lögreglustjóri getur breytt þessu ákvæði þegar sérstaklega stendur á.

#### **7. gr.**

Ökumanni ökutækis, sem lagt hefur verið á bílastæði skv. 3. gr. liður a og 6. gr., er skylt að hafa bílastæðaklukku á framrúðu eða á mælaborði við framrúðu ökutækisins, þannig að hún sé vel sýnileg utan frá.

#### **8. gr.**

Bílastæðaklukka er spjald úr pappa og/eða plasti, sem sérstaklega er gert til að sýna tímasetningar. Óheimilt er að nota aðrar bílastæðaklukkur á klukkustæðum Hafnarfjarðarkaupstaðar en þær sem viðurkenndar eru af Bílastæðasjóði Hafnarfjarðar.

#### **9. gr.**

Ökumanni ökutækis, sem lagt hefur verið á bílastæðum skv. 3. gr. liður a og 6. gr., er skylt að sýna, með vísi á bílastæðaklukku, hvenær ökutækinu var lagt í bílastæðið. Óheimilt er að breyta stillingu vísisins áður en ökutækið yfirgefur bílastæðið.

#### **10. gr.**

Bílastæðaklukkur skulu vera til afhendingar í þjónustuver bæjarins og/eða annars staðar eftir því sem henta þykir. Heimilt er að innheimta gjald fyrir bílastæðaklukkur.

### **IV. kafli**

#### **Stöðumælastæði**

#### **11. gr.**

Stöðumælastæði eru bílastæði þar sem stöðumælar mæla þann tíma sem ökutæki er lagt á bílastæði.

#### **12. gr.**

Stöðumælir er sérstakur búnaður til að mæla þann tíma sem ökutæki er lagt í bílastæði.

#### **13. gr.**

Stöðumælar geta verið ýmist einn fyrir hvert stæði eða einn fyrir tiltekinn fjölda stæða. Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælastæði fyrir hvers konar vélknúin ökutæki, eftirvagna, tengitæki o.þ.h.

#### **14. gr.**

Bæjarráð ákveður gjald fyrir stöðu ökutækis á stöðumælastæðum og hvað ökutæki má standa þar lengi samfellt og á hvaða tíma gjaldskylda er. Lögreglustjóri getur breytt ákvæðum um gjaldskyldu þegar sérstaklega stendur á.

#### **15. gr.**

Ef stöðumælir er þannig gerður að úr honum kemur miði, með áletrun um þann tíma, er greitt var í mælinn eða þau tímamörk, sem greitt hefur verið til, skal ökumaður setja miðann á mælaborð við framrúðu ökutækis, þannig að áletrun á miðanum sé vel sýnileg utan frá.

#### **16. gr.**

Hver, sem leggur ökutæki þannig, að eigi er unnt að nota stöðumælastæði fyrir annað ökutæki, skal greiða í stöðumælinn eins og ökutækið stæði á stöðumælastæðinu sjálfu.

#### **17. gr.**

Á stöðumæli skal vera greinilega letrað, hve hátt stöðumælagjaldið er, til hve langs tíma staða er keypt, á hvaða tímum sé skylt að greiða í mælinn og hvernig mælirinn sé settur í gang.

Ekkert ökutæki má standa á stöðumælastæði lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi stöðumæli.

Bannað er að setja nokkurn annan hlut í stöðumæli en þá mynt, sem mælirinn er gerður fyrir.

## **V. kafli**

### **Fastleigustæði**

#### **18. gr.**

Fastleigustæði eru gjaldskyld bílastæði þar sem ökutæki er lagt ótímabundið.

#### **19. gr.**

Fyrir fastleigustæði er greitt leigugjald sem bæjarráð ákveður. Leigugjaldið er ákvarðað fyrir hvern mánuð. Heimilt er að veita afslátt af leigugjaldinu ef samfelldu leigutími er 12 mánuðir eða lengri.

#### **20. gr.**

Gegn greiðslu leigugjalds fyrir fastleigustæði skal afhenda leigutaka sérstakt kort sem setja skal á mælaborð við framrúðu ökutækis, þannig að það sé vel sýnilegt utan frá, þegar ökutækinu er lagt á stæðið.

## **VI. kafli**

### **Rútustæði/flutningabílar**

#### **21. gr.**

Rútustæði/stæði fyrir flutningabíla, nefnast sérstök bílastæði fyrir ökutæki, sem bannað er skv. lögreglusamþykkt að leggja á götum eða almennum bílastæðum bæjarins, á tímabilinu milli frá kl. 22:00 til kl. 07:00, ýmist í landi bæjarins eða á sérstökum lóðum eða svæðum sem skilgreind eru í skipulagi.

#### **22. gr.**

Bílastæðasjóði er heimilt að taka leigugjald fyrir slík stæði, ýmist tímaleigugjald eða fast gjald. Notendur skulu þá festa límmiða með áritaðri notkunarheimild á rúðu viðkomandi ökutækis.

Séu bílastæðin notuð í heimildarleysi skal greiða aukastöðugjald, sbr.VIII. kafla.

## **VII. kafli**

### **Bílastæðahús og bílskýli**

#### **23. gr.**

Bæjarráð getur falið Bílastæðasjóði Hafnarfjarðar að byggja og reka bílastæðahús og bílskýli.

Heimilt er að selja hlutdeildarbréf í bílastæðahúsum og bílskýlum, sem byggð eru af Hafnarfjarðarkaupstað fyrir reikning bílastæðasjóðs. Slíkt hlutdeildarbréf veitir rétt á bílastæði í bílastæðahúsinu skv. nánari skilmálum og er sá réttur framseljanlegur. Rétthafi bílastæðis í bílastæðahúsi á vegum bílastæðasjóðs greiðir rekstrarkostnað vegna þess.

#### **24. gr.**

Notendur bílastæðahúsa og bílskýla í eigu bílastæðasjóðs skulu greiða leigu fyrir notkun þeirra skv. gjaldskrá, sem bæjarstjórn ákveður, jafnframt ákveður bæjarráð hvenær þau eru opin.

#### **25. gr.**

Heimilt er að semja við eigendur einkabílastæðahúsa og einkabílskýla um að rekstur þeirra verði á vegum bílastæðasjóðs hluta sólarhringsins.

### **VIII. kafli**

#### **Eftirlit með stöðubrotum, aukastöðugjald og stöðubrotagjald**

#### **26. gr.**

Stöðubrot skv. samþykktum þessum eru brot gegn 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

#### **27. gr.**

Sérstakir stöðuverðir Hafnarfjarðarkaupstaðar sjá um eftirlit með bílastæðum og ólöglegum lagningum (stöðubrotsgjöld). Þeir skulu líta eftir því að bílum sé ekki lagt lengur en heimilt er á bílastæði, sbr. 2. og 8. gr. og að notendur þeirra hafi greitt tilskilin gjöld þar sem það á við. Jafnframt skulu þeir líta eftir því að ökutækjum, eftirvögnum, tengitækjum o.þ.l., sé ekki lagt ólöglega sbr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Bílastæðasjóði er heimilt að vera í samstarfi við önnur sveitarfélög um rekstur stöðuvarða.

#### **28. gr.**

Þegar stöðuvörður verður þess var, að ökutæki stendur ólöglega, sbr. 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skal hann afhenda ökumanni þess eða festa við ökutækið tilkynningu um brotið. Á tilkynningunni skal taka fram hvar og hvenær brot átti sér stað, hvert brot er, auðkenni ökutækis, svo sem skráningarnúmer og tegund (gerð) og greint frá því að ökumanni sé boðið að ljúka málinu með greiðslu stöðubrotsgjalds í Bílastæðasjóð, hvar og hvernig greiðslu megi inna af hendi svo og fjárhæð gjaldsins og hvernig með verði farið ef greiðsla dregst. Tilkynning skal undirrituð af stöðuverði (nafn og númer). Á sama hátt skal stöðuvörður tilkynna um aukastöðugjald og stöðubrotagjald.

Samhliða stöðuvörðum sér lögreglan um eftirlit með lagningum. Lögreglunni er heimilt að leggja gjaldmiða á bíla til innheimtu stöðugjalds vegna stöðubrota.

#### **29. gr.**

Bæjarstjórn ákveður fjárhæð aukastöðugjalds og stöðubrotsgjalds.

Gjöld þessi skal greiða innan 14 daga frá útgáfudegi (álagningu). Tilkynning um gjald er á giróseðli. Sé gjald skv. 1. mgr. ekki greitt innan 14 daga frá útgáfudegi hækkar það um 50%. Verði gjald skv. 1. mgr. ekki greidd innan 14 daga er heimilt að beita ákvæðum 109. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 við innheimtu þeirra.

## **IX. kafli**

### **Rekstur bílastæða og gjaldtaka fyrir notkun þeirra**

#### **30. gr.**

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarkaupstaðar annast gerð og rekstur almennra bílastæða, ýmist í landi bæjarins eða á svæðum sem skilgreind eru í skipulagi.

#### **31. gr.**

Heimilt er að semja við eigendur einkabílastæða um tímabundin afnot þeirra og útleigu til almennings.

#### **32. gr.**

Heimilt er bæjarstjórn að fengnu leyfi innanríkisráðherra að framselja vald sitt skv. IV. kafla til fyrirtækis er tekur að sér eftirlit með stöðubrotum.

## **X. kafli**

### **Gildistaka o.fl.**

#### **33. gr.**

Samþykkt þessi er sett með heimild í 2. mgr. 83. gr. og 3. mgr. 108 gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Tekur hún gildi þegar í stað.